

- b. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar kr. 3,10 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- c. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytis-sölur, skal greiða kr. 1 425,00 á ári fyrir vatnsnotin.
- d. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 0,62, á kálf yngri en 6 mánaða kr. 3,10 en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 4,75.
- e. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 7,85 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- f. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 7,85 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
- g. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, sem er 1 140 stig 1. júlí 1982.

Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta á 2 mánaða fresti, eða með almennum vatnsskatti.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.**

1. málsgrein 3. gr. orðist svo:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist svo:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 9,20 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 93,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 186,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*